

UM FORM OG VEFNAÐ — Viðtal við Ásgerði Búadóttur

Ásgerður Búadóttir er fædd 4. desember 1920 í Borgarnesi en ólst upp í Reykjavík frá þriggja ára aldri. Hún hóf nám við Handíða- og myndlistaskólann 1942 og lauk þaðan prófi árið 1946. Þá hélt hún utan til Danmerkur og stundaði nám í máladeild Vilheims Lundström við Konunglega akademíu í Kaupmannahöfn fram til 1949. Hún fór námsferðir til Hollands 1947 og til Frakklands 1949.

Ásgerður hóf vefnað 1950 og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér og erlendis. Þá hefur hún einnig haft einkasýningar í Reykjavík. Hún er nú ein af þekktari vefnaðarkonum þjóðarinnar.

Mál vefsins

— Nú liggur myndhugsunin oft nálægt geometrísku málverki í fyrstu verkunum, getum við talað um ofið málverk?

— Nei. Aftur á móti má finna í byrjun áhrif frá minni námi, sem var hefðbundin myndlistarnám. Þannig er kannski hægt að finna í fyrstu verkum mínum stuðning sem ég fékk í arf frá myndlistinni.

En ég er algerlega ósammála frönskum vefnaði sem bókstaflega

vefur málverk. Það getur verið að ég hafi ómeðvitað nálgast geometrísku, en við skulum ekki gleyma að vefnaður minn á þessum tíma er í tvívald og hæfir því vel eðli geometríunnar. Allur vefnaður byggist upp á lögmáli tveggja þróa, heilda, lóðrétt og lárétt. Ég hef því lagt áherslu á hið


eðlilega bæði í uppistöðu og ívafi og reynt eftir mátti að brjóta ekki lögmál vefsins. Það má heldur ekki gleymast að einhver mesta bylting varð í vefnaði er listamaðurinn öðlaðist skilning á tæknilegum forsendum vefsins og hóf að skapa beint í vefinn, sem varð miðill fyrir beina tjáningu.

nýti möguleika efnisins og gef forminu fullt gildi.

Meira flæði

— Í myndum líkt og Bergmál kemur fram skýr myndræn breyting.

— Jú, þetta er mun yngra verk en geometrísku dákarnir. Hér er komin



Ásgerður Búadóttir á yfirlitssýningu sinni í Listasafni alþýðu.

DB-myndir Bjarnleifur.

Myndlist


Vefurinn er abstrakt

— Hvað viltu segja um náttúru-skírskotun í þínum geometrísku verkum?

— Maður getur aldrei lokað sig frá náttúrunni eða umhverfinu. Og í mörgum tilfellum hefur náttúran virkað sem hvati á mína listsköpun. Þannig endurvinn ég ytri náttúruáhrif, en tek ekkert beint upp úr náttúrunni. Eðli vefsins er ekki að vefa ljósmyndir eða raunsæismyndir. Vefurinn er abstrakt. Myndflöturinn er því minn aðall, þar sem ég byggi í gegnum ótal skissur compositionina,

sú breyting að ég reyni að ná fram meiri hreyfingu og brýt upp flötinn með notkun hrosshára, sem skapa vídd og mildan yfirgang. Þannig nota ég hrosshárið sem mótvægi við flata-vefunina.

Það má líka finna sterka náttúru-kennnd, en á siðastliðnum árum hef ég nálgast íslenska náttúru. Þetta kemur nokkuð fram í litnum sem fær náttúrulega sögn: rautt, hvítt og blátt. Á sama tíma hefur losnað um innri gerð compositionarinnar, sem hefur fengið meira flæði en er þó ávallt umgirt geometrískri grind.



No. 23. Skarðatungl, 1976. Ull og hrosshár.

Ný form


— Hver er hin myndræna spurning í verkum þínum í dag?

— Það má segja að sú formleitan sem kemur fram í verkum eins og „Hvít-svört tenning“ (1978) og „Svört-hvít tenning“ (1978) hafi opnað fyrir mér vissa myndræna möguleika. Þar brýt ég upp flötinn, sem fær bókstaflega hreyfingu. Þá hef ég reynt að nýta þessa möguleika í seinni myndum þar sem renningarnir koma fram sem flatarform (sjá t.d. myndina Bláin, 1981) og er teft gagnvart þrívíddar eiginleikum hrosshársins.

Yfirlit í Listasafni alþýðu

Undanfarnar vikur hefur staðið yfir sýning á vefnaði Ásgerðar í Listasafni alþýðu. Þar eru sýnd 38 myndverk, sem lýsa vel myndrænum breytingum á löngum vefnaðarferli listakonunnar. Síðasti sýningardagur er næstkomandi sunnudag.

Gunnar B. Kvaran.




No. 16. Hrávareldur, 1970. Ull og hrosshár.

KAMMERMÚSÍKKLÚBBURINN Í BÚSTAÐAKIRKJU

Tónleikar Kammermúsíkkúbbsins í Bústaðakirkju 25. október.

Flytjendur: Laufey Sigurðardóttir, Júlíana Elín Kjartanadóttir, Helga Þórarinsdóttir og Nora Kornbluh.

Verkefni: Wolfgang Amadeus Mozart: Strengjakefni í d-moll, K. V. 421; Þorkell Sigurbjörnsson: Kaupmannahafnarkvartett; Johannes Brahms: Strengjakvartett í a-moll, op. 51, nr. 2.



Kaupmannahafnarkvartett Þorkells Sigurbjörnssonar var eitt þriggja verka á dagskrá Kammermúsíkkúbbsins í Bústaðakirkju.

DB-mynd.

Fyrstu tónleikar Kammermúsíkkúbbsins á starfsárinu voru haldnir á sunnudagskvöldið með kvartetttónleikum. Tríóið, sem lék Mozart svo lípurlega í fyrsta, er nú búið að bæta fjórða manni við og nú lá beinast við að hefja tónleikana á Mozart. Í kvartettnum í d-moll kveður við nokkuð alvarlegan tón og hann ber ekki með sér sama léttleika og oftast er að finna hjá Mozart. En þótt kvartettninn sé heldur þyngri en títt er þýðir það ekki að í neinu megi glatast sá finleiki en jafnframt nákvæmni sem almenna reglan segir fyrir um við Mozarttúlkun. Líkast til er þó um að kenna tangaóstyrk, eða einhverju af þeirri ættinni, að dæmið gekk ekki alveg upp í byrjun. Það var ekki fyrr en í menúettinum að þær voru almennilega búnar að spila sig saman. Svo fór samt áður en lauk að þær stöllurnar léku eins og maður hafði fyrirfram reiknað með og luk stykkinu glæsilega.

Á uppleið

Kaupmannahafnarkvartett Þorkells hefur hlotið góðar viðtökur og er það að vonum, því að hann er ljómandi gott verk og á þessum tónleikum

hlaut hann þrýðilega meðferð. Þær voru þó kannski fullpenar og hefðu mátt gefa betur í þar sem færi gafst rétt undir lokin, en í heild léku þær vel.

Svo lauk tónleikunum með kvartettnum, sem aðdáendur Brahms héldu að hann ætlaði aldrei að hafa af að semja. Nú þurftu þær enga

atrennu stúlkurnar. Samleikur þeirra var af fyrstu gráðu, kjarnmikill og frisklegur og hvergi veilu að finna. Þær leika allar sama skóla, hver þó með sínum persónulega blá, sem er góður grunnur til að byggja kvartettninn á. Þær eru, hver um sig, góðir hljóðfæraleikarar og hafa gott eyra fyrir samleik. En fyrirbæri eins og

strengjakvartett verður sjaldnast, eða aldrei, verulega góður nema með áralangri sambræðslu meðlimanna í öguðum leik. Vonandi eru þessir tónleikar aðeins fyrsta skrefið að löngu samstarfi því að með þeim hefur kvartettninn sýnt að hann er til afreka líklegur.

-EM.

HÁSKÓLATÓNLEIKAR

Háskólatónleikar í Norræna húsinu 23. október.

Flytjandi: Einar Markússon pianóleikari. Verkefni: Samuel Ball: Fantasia; Leopold Godowsky: Melody; Moritz Rosenthal: Toccata; Levitzki: Etýða fyrir vinstri hönd; Hallgrímur Helgason: Pastorale; Friedman — Gärtnar: Vinardansar.

Háskólatónleikar, hinir fyrstu með nýju sniði, voru haldnir í Norræna húsinu í hádeginu á föstudaginn. Með því að halda þá í hádeginu mun ætíun tónleikaneftdar Háskólans vera sú að reyna að laða að nemendur og starfslið stofnunarinnar. Sannleikurinn er nefnilega sá að einungis lítill, en tryggur hópur háskólamanna hefur stundað þessa tónleika reglu-

lega. Tónleikaneftir hefur aftur á móti tekist vel í störfum og boðið upp á athyglisverða dagskrá ár eftir ár og svo virðist einnig vera í vetur.

Vera má að það hafi verið til þess að fylgja eftir breyttum háttum að tónleikaneftir fékk Einar Markússon til að leika fyrstu tónleika þessa vetrar. Einar hefur verið hálfgerður huldumaður í íslensku tónlistarlífi og að því leyti líkur Ólafi kóngi, að sumir hafa sagt á honum kost og löst, sem aldrei höfðu heyrt hann leika.

Enginn forritaður öryggisþjálfari

Það var mér því ærið forvitniefni að hlýða á þennan huldumann í pianóleikarastétt, forframaðan á sinni tíð úr Hollywood og fleiri göðum stöðum. Rammi Háskólatónleikanna býður ekki upp á marga kosti í verkefnavali. Annaðhvort verður listamaðurinn að bjóða upp á

nokkra stutta hveli eða eitt miðlungsverk, kannski með smáviðauka. Og Einar valdi að leika nokkra smáþrumara eftir menn sem hann þekkir líklega hvað best af íslenskum tónlistarmönnum. Hjá sumum þeirra lærði Einar á sinni tíð.

Verkefnin buðu upp á að Einar léti gamminn geysa í leik sínum og ég giska á að það sé hans eftirlætisleikmáti. Hann var í essinu sínu þegar hvein og söng í öllu og nótnabörðði nægði tæpast. Smámunir, eins og fáeinar feilnótur, segja nú ekki stórt í göðum félagskap, og það leiðist engum sem situr undir leik Einaris. Hann er nefnilega gæddur þóri til að hætta á allt fyrir túlkun sína á viðfangsefninu. Það er á við að fá ferskan kalda í fangið að hlýða á Einar leika. Og víst er að ég á eftir að minnst hans með hlýju næst þegar ég heyrir í öryggisþjálfari, sem eins hefði getað látið forrita leik sinn í einhverri ávaxtatölvunni.

-EM.

Tónlist

EYJÓLFUR MELSTED

